# Bréf frá Jóni Gíslasyni

Bjarni Benediktsson – Einkabréf – Póstkort – Skeyti – Berlínarárin – Jón Gíslason, bréf 30. apríl 1931.

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Ræður og greinar
Askja 1-6, Örk 5

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Afgreitt.

Hamburg
30/IV '31

Kæri vin!

Þú ert nú sjálfsagt búinn að frjetta um brottför mína frá Berlin og um tildrög hennar: heilsubrest þann, sem jeg hefi kent lengi, þó jeg gjeti lítið á bera. Þar sem jeg var varri upp á síðkastið, ákvað jeg að fara heim og hvíla mig. – Herbergið mitt varð jeg að borga fyrir næsta mánuð, þar sem jeg hafði ekki sagt því lausu fyrir 15. þ. m. Nú sagði Þórarinn Ben. mjer, að Jón Blöndal myndi koma ~~þangað~~ til Berlin á næstunni. Væri mjer mikill greiði gjör, ef hann vildi taka herbergið,

þó ekki væri nema fyrir 30 mörk, (að rjettulagi kostar það 45 mörk, þar í innifalið morgunkaffi og ljós). Jeg sendi þjer til vonar og vara fult umboð, til þess að ráðstafa herberginu næsta mánuð. Kvittun tók jeg ekki af húsmóður minni, því jeg hef allaf reynt hana sem heiðarlega konu.

Verðu svo blessaður og sæll

Jón Gíslason

Kær kveðja

Jón Sigurgeirsson